

Colas Ísland hf.
Sigþór Sigurðsson
Gulhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 12. september 2022
UST202202-384/gf
08.06.02

Varðar reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Colas Ísland hf. – stöð með breytilega staðsetningu, Marini þann 29.6. 2022

Þann 29. júní sl. fór fram eftirlit í malbikunarstöð með breytilega staðsetningu, Marini staðsett á Keflavíkurflugvelli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik er enn opið og snýr það að skráningum í samræmi við ákvæði í gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda inn uppfærða úrbótaáætlun varðandi það hvenær skráningar á rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun muni hefjast.

Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti. Stöðuleyfi malbikunastöðvarinnar er runnið út, skrifleg áætlun um ráðstafanir sem gera þarf við flutning stöðvarinnar lá ekki fyrir og ársyfirlit fyrir árið 2021 hefur ekki borist stofnuninni.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7. október 2022.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur